

Orðanefnd L.Í. - 116

Fundur var haldinn mánudaginn 5. maí 2025 kl. 17:00 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 116. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Magnús Jóhannsson hafði boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 115. fundar (7. apríl 2025), sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var yfirfarin og formlega samþykkt.

2. **Orðalistar:** Haldið var áfram með yfirferð á orðalista sem hafði verið frestað á síðasta fundi. Á listanum eru allar núverandi færslur í Íðorðasafni lækna sem innihalda enska orðið **secondary** í samsettu fræðiheiti (51 færsla). Farið var rækilega yfir listann sem er býsna fjölbreytilegur þar sem þetta orð hefur lengi verið notað í ensku fræðimáli með misjafnlega vel skilgreindum hætti og með blæbrigðaríkum merkingarmun. Í samræmi við þetta voru íslensku þýðingarnar í safninu margar og ekki vel samræmdar. Fjöl margar hugmyndir og tillögur til breytinga og lagfæringa voru settar fram í umræðunni og var JHJ falið að taka þær saman til enduryfirferðar á næsta fundi.

3. **Önnur mál:** Lágu ekki fyrir til umræðu.

Næsti fundur: Fyrirhugaður mánudaginn 16. júní kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundinum var slitið um kl. 18. Fundargerð ritaði JHJ.